



SKOÐUN Guðrún Arnardóttir skrifar um nauðsyn á auknu fjármagni til allra skólastiga. 12



LÍFÍÐ Kvikmyndahátíðinni RIFF verður ekki breytt í KIFF við það að flytja í Kópavog. 30



SPORT Íslenska körfubolta landsliðið getur tryggt sig inn á EM fyrir framan troðfulla Laugardalshöll í kvöld. 26

WOW

STUNDVÍSASTA FLUGFÉLAG Á ÍSLANDI

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

27. ágúst 2014
200. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Verðtryggingardómur í dag

EFTA-dómstóllinn kveður í dag upp dóm þar sem tekist er á um það hvort verðtrygging fasteignalána sé lögmæt. Heildarupphæð verðtryggðra lána á Íslandi eru 1.500 milljarðar króna.

FRÉTTIR

Priðjungur bíður 250 börn eru enn á bíðlista eftir pláss í frístundaheimili í Hafnarfirði þrátt fyrir að skólastarf sé hæfið. Æskulýðsfulltrúi segir að erfitt sé að manna stöður á heimilunum þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. 2

Ósamið um flest Ísraelar ætla að létta eitthvað á einangrun Palestínú-manna á Gasasvæðinu en enn er ósamið um flest í deilu þjóðanna. 4

Grunur um stórvægileg mistök eða afbrot ráðherra

Stefán Eiríksson lögrelustjóri lýsti fyrir umboðsmanni Alþingis ítrekuðum afskiptum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra af rannsókn á lekamálinu. Hafin er formleg athugun á þessum meintu afskiptum.

STJÓRNSÝSLA Hanna Birna Kristjánsdóttir aftukur með öllu að eini leikurinn í stöðunni fyrir hana núna sé að segja af sér embætti ráðherra.

„Eiginlega á það aldrei að vera þannig að stjórnmalamaður velti fyrir sér að segja af sér embætti ef hann hefur ekki gert neitt rangt. Og ég hef ekki gert neitt rangt,“ sagði Hanna Birna á Stöð 2 í gærkvöldi.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, sendi Hönnu Birnu bréf í gær þar sem hann tilkynnir henni að embætti hans mun hefja frumkvæðisathugun á samskiptum hennar við Stefán Eiríksson lög-

reglustjóra á höfuðborgarsvæðinu á meðan rannsókn lögrelunnar á lekamálinu fór fram. Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, hefur verið ákærður vegna lekans.

Með frumkvæðisathugun sinni vill Tryggvi Gunnarsson komast að niðurstöðu um hvort samskipti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og Stefáns Eiríkssonar, lögrelustjóra á höfuðborgarsvæðinu, feli í sér svo stórvægileg mistök eða afbrot af hálfu hennar að tilefni sé til þess að hann geri sérstaka skýrslu sem send verði Alþingi eða ráðuneytinu sjálfu. Þetta kemur fram í bréfi

Tryggva til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í gær.

Í tólftu grein laga um umboðsmann Alþingis er kveðið á um að umboðsmaður geti gert þessa skýrslu en þessu lagaákvæði hefur aldrei verið beitt. Í bréfi Tryggva til Hönnu Birnu greinir hann frá samtali sínu við Stefán. Í því samtali lýsir Stefán því að Hanna Birna hafi beitt hann miklum þrýstingi. Meðal annars hafi Hanna Birna sagt að þegar málinu væri lokið væri ljóst í hennar huga að það þyrfti að rannsaka rannsókn lögreglu og ríkissaksóknara.


Hanna Birna sagði að Stefán hefði aldrei gert athugasemdir

“Eiginlega á það aldrei að vera þannig að stjórnmalamaður velti fyrir sér að segja af sér embætti ef hann hefur ekki gert neitt rangt.”

Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra

við samskipti þeirra. „Hann sagði opinberlega að ég hefði aldrei beitt hann þrýstingi og það hefðu engin óeðlileg afskipti verið af þessari rannsókn. Hann sagði það mörgum sinnum.“

Stefán vildi ekkert segja þegar hann var spurður út í málið í gær.
- jhh / sjá síðu 8, 10 og 11



Bolungarvík	12°	SA	6
Akureyri	17°	S	4
Egilsstaðir	17°	SV	4
Kirkjubæjarkl.	12°	SA	4
Reykjavík	14°	SA	8

Væta V-til fyrrhluta dags en dregur svo úr. Bjart A- og NA-til. Fremur hæg S-læg átt N- og A-til en strekkingur með S- og V-stöndinni. Hiti 10-20 stig. 4

2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Heimilisprif | Fólk



RÁÐHERRA Á TÍMAMÓTUM Forsætisráðherra tók í gær við hluta af skyldum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Ráðherra neitar að hafa haft óeðlileg afskipti af rannsókn lögreglu á leka á trúnaðargögnum úr ráðuneyti hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hundruð skjálfta á dag: Berggangurinn nálgað Öskju

NÁTTÚRA Berggangurinn undir Vatnajökli hefur að meðaltali lengst um fjóra kílómetra á dag frá upphafi jarðhræringanna. Mörg hundruð skjálftar mælast dag hvern.

„Þetta er afar stór atburður,“ segir Ágúst Guðmundsson, prófessor við jarðvísindadeild Lundúnaháskóla, Royal Holloway.

Ágúst telur að jarðskjálftahrinan og framrás bergganganna í jöklinum sé einn markverðasti jarðvísindalegi atburður sem vísindamenn og almenningur á Íslandi hafa orðið vitni að. Aldrei áður hafi neitt viðlíka verið skráð með nútímataekni.

Ágúst bætir við að það markverðasta við stöðu mála í augnblikinu sé greinileg framrás berggangsins í átt til megineldstöðvarinnar Öskju/Dyngju-fjalla.

- shá / sjá síðu 6

Forstjóri Norðuráls segir ekki koma til greina að leysa HS Orku undan samningi: Afkoma álversins er 41% lakari

STÓRIÐJA Hagnaður af rekstri álversins á Grundartanga nam rúmum 3,2 milljörðum króna árið 2013 og dróst þá saman um tæpt 41 prósent milli ára.

„Við erum stolt af rekstri álversins og heilt á litid er uppgjörið ágætt miðað við aðstæður. Við höfum rekið álverið með hagnaði síðustu árin og náð miklum árangri í rekstrinum,“ segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.

Ragnar segir stjórnendur fyrirtækisins ákveðna í að reisa allt að 360 þúsund tonna álver í Helguvík. Stefnt hefur verið að byggingu þess frá árinu 2005.

„Ástæðan fyrir því að álverinu var valinn staður í Helguvík er að sveitarfélögin á svæðinu buðu orku frá HS Orku í verkefnið. Það kemur því ekki til greina að ætla að leyfa HS að labba frá samningnum,“ segir Ragnar. - hg / sjá Markaðinn



FORSTJÓRINN Verkefnið í Helguvík hefur þegar kostað um 17 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íbúfen[®]
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

Vertu laus við **LIDVERKINA!**

NUTRILENK GOLD

www.gengurvel.is

SPURNING DAGSINS



Ari, ertu skjálfaði yfir þessum niðurstöðum?

„Já, en vel undir stærðargráðunni 2 og skiptast heilabylgjurnar jafnt á milli þeirra eldstöðvakerfa sem máli skipta.“

Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður telur að aukin skjálftavirkni og þróun berggangsins í Bárðarbungu halli í eldsumbrot frekar en ekki, þótt sjaldan sé víska í svona málum.

Jóhönnu á Háafelli berst stuðningur víða að í lífróðri til bjargar geitabúinu: Styrkja geitabú með könnusölu

LANDBÚNAÐUR „Ég er komin með tæpan helming af þeim tíu milljónum sem ég var að vonast til að geta farið með í bankann,“ segir Jóhanna Þorvaldsdóttir, geitabóndi á Háafelli í Hvitársíðu. Hún rær nú lífróður til að bjarga geitabúinu frá uppboði sem er yfirvandi innan 20 daga.

Hún segir að fjárstuðningur komi víða að en sérstaklega frá Noregi, Bandaríkjunum og svo Íslandi.

Vestanhafs hafa hönnuðir selt

bolla og taupoka með geitamýnd og áletraðri stuðningsyfirlýsingu við geitabúid.

Fjöldi fólks hefur lagt leið sína á Háafell í sumar að sögn Jóhönnu. „Það voru svona um 50 til 100 á dag,“ segir hún. Ekki voru allir



gestirnir að velta fyrir sér ræktunarstarfsemi landnámsgeitarstofnsins.

Sumir komu gagnert til að líta Casanova augum en geitin sú fór með mikilvægt hlutverk í Game of Thrones og hlýtur því að teljast til frægari ferfætlinga landsins. Einnig hafa fjölmargir hvatt átakið á þar til gerðum fésbókarsíðum.



JÓHANNA ÞORVALDSDÓTTIR Bústólpinn og ferfætlingarnir á Háafelli eiga hauka í horni víða en það er spurning hvort það dugi til að bjarga búinu.



LEIÐTOGAFUNDUR Gestgjafinn Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, á milli þeirra Vladímírs Pútín og Petrós Porosjenkó.

Porosjenkó og Pútín hittust í Hvíta-Rússlandi:

Ágreiningsmálin rædd í Minsk

HVÍTA-RÚSSLAND, AP Litlar vonir voru bundnar við að fundur Porosjenkós Úkraínuforseta og Pútíns Rússlandsforseta í gær myndi valda straumhvörfum í deilum þjóðanna og átökunum í austanverðri Úkraínu.

„Örlög friðar og örlög Evrópu verða ráðin í Minsk í dag,“ sagði Porosjenkó þó fyrir fundinn. Það eitt, að þeir skuli hafa hist og rætt málin, markar töluverð tímamót út af fyrir sig.

Þeir hittust í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, þar sem þeir höfðu fyrr um daginn setið á fundum með forsetum Hvíta-Rússlands og Kasakstans. Einnig sat Margareth Ashton, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, fundinn með þeim.

Átökin í austanverðri Úkraínu héldu áfram í gær. Þau hafa frá því í apríl kostað meira en tvö þúsund manns lífið.

Kristín og Sigurjón tekin við:

Breytingar hjá Fréttablaðinu

FÖLMIÐLAR Mikael Torfason yfirritstjóri 365 fréttanna og Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri Fréttablaðsins hafa látið af störfum. Kristín Þorsteinsdóttir er nýr yfirritstjóri 365 fréttanna og Sigurjón Magnús Egilsson er fréttaritstjóri. Kristín og Sigurjón eru gamalreynndir fréttamenn. Hún var á árum áður á fréttastofu Ríkisútvarpsins og hann hefur verið fréttari og ritstjóri á Fréttablaðinu, DV og Bláinu.



KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR

á 365 fréttanna og Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri Fréttablaðsins hafa látið af störfum. Kristín Þorsteinsdóttir er nýr yfirritstjóri 365 fréttanna og Sigurjón Magnús Egilsson er fréttaritstjóri. Kristín og Sigurjón eru gamalreynndir fréttamenn. Hún var á árum áður á fréttastofu Ríkisútvarpsins og hann hefur verið fréttari og ritstjóri á Fréttablaðinu, DV og Bláinu.

Undirskriftir í Hveragerði:

Borholublástur truflar íbúana

UMHVERFISMÁL Bæjarráð Hveragerðis vill viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur um framtíðarlausnir vegna ónæðis af blæstri borhola í bæjarfélaginu.

Málið hófst með undirskriftalista 26 íbúa nærri Hveragarðinum þar sem óskað var eftir því að lausn yrði fundin á hávaða sem reglulega bærast frá borholu á hverasvæðinu. Bæjaryfirvöld funduðu þá með fulltrúum Orkuveitunnar og gerðu þeim „grein fyrir alvöru málsins“ eins og segir í fundargerð bæjarráðs. „Strax í kjölfar þess fundar var skrúfað fyrir holuna og þar með var hávaðinn úr sögunni.“

Ríflega þriðjungur barna enn á biðlista

250 börn eru enn á biðlista eftir plássi á frístundaheimili þrátt fyrir að skólastarf sé hafið í Hafnarfirði. Æskulýðsfulltrúi segir að erfitt sé að manna stöður á heimilunum þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og að árgangur sex ára barna sé afar stór.

BÖRN Skólar Hafnarfjarðarbæjar eru byrjaðir en enn vantar fjölmörg börn pláss á frístundaheimili bæjarins. Ríflega sjö hundruð umsóknir um frístundaheimili bárust en um 250 börn eru á biðlista og vantar 18-20 starfsmenn til að geta boðið börnunum pláss.

Geir Bjarnason, æskulýðs- og forvarnfulltrúi Hafnarfjarðar, segir töluvert af fólki hafa sótt um stöðurnar síðustu tvo daga en jafnvel þótt ráðningar úr þeim hópi gangi upp vanti enn um 10-14 starfsmenn.

„Við höfum auglýst í stöðurnar í allt sumar á síðu bæjarins og síðustu vikur auglýst á öðrum stöðum. Við höfum einnig verið í samstarfi við Vinnumálastofnun sem hefur fjöldann allan af atvinnulausum á skrá en höfum ekki fengið umsóknir úr þeim hópi. Þetta er hálf starf og þótt fólk fái hálfar bætur á móti þá vill það mögulega ekki missa hlunnindi sín, eins og frítt í sund og bókasöfn.“

Börnin á biðlistanum eru alveg niður í sex ára aldur og sum hafa sérstakar þarfir. „Við forgangsröðum og hlepum yngstu börnunum um fyrst inn en við hlepum ekki fötluðu barni inn nema stuðningsfulltrúi fyrir það hafi verið ráðinn.“

Geir segir marga foreldra ergilega og skammast yfir að ekki hafi verið auglýst betur eftir starfsfólki. „Það er ekki vandamálið. Við höfum auglýst nóg. Þessi árgangur sem er að koma upp í skólana núna er stærsti árgangur Íslands-sögunnar og við höfum að hámarki fimmtán börn á hvern starfsmann. Börnin eru það dýrmætasta sem



allan af atvinnulausum á skrá en höfum ekki fengið umsóknir úr þeim hópi.

Geir Bjarnason, æskulýðs- og forvarnfulltrúi Hafnarfjarðar.

250 börn eru á biðlista í Hafnarfirði.

35% barna sem sótt hefur verið um pláss fyrir eru því á biðlista.

1300 börn væru á biðlista í Reykjavík ef hlutfallið þar væri það sama.

við eignum og við gefum engan afslátt af því,“ segir Geir og bætir við að einnig hafi sérstaklega margar umsóknir borist frá eldri börnunum ásamt því að með batnandi atvinnuástandi séu fleiri foreldrar útvinnandi.

Biðlistarnir eru lengstir í Áslandsskóla og Hraunvallaskóla og húsnæðið er einnig orðið of lítið. „Þetta eru ný hverfi og margt fjöl-



FRÍSTUNDAHEIMILI Börn niður í sex ára aldur eru á biðlistanum ásamt börnum með sérstakar þarfir.

skyldufólk býr í þeim. Staðan er þannig að of mörg börn eru í of litlu rými en við erum að vinna í þeim málum, ásamt manneklunni.“

Ástandið hefur ekki verið svo slæmt í Hafnarfirði áður en Reykjavíkurborg glímdi við svipaðan vanda fyrir fáeinum árum. Geir segir að lítið sé til þeirra leiða sem borgin notaði og reynt að læra af þeim.

erlabjorg@frettabladi.is

Heilbrigðiseftirlitið segir öryggi matvæla í mötuneyti Hagaskóla ekki tryggt:

Mega ekki bjóða upp á kjúkling

VELFERÐARMÁL Heilbrigðiseftirlitið hefur gert kröfu um að matvælaframleiðsla í mötuneyti Hagaskóla verði takmörkuð vegna pláss- og aðstöðuleysis. Þetta veldur því að draga verður úr fjölbreytni á matsæðli nemenda, taka út ákveðna rétti og takmarka grænmeti og ávexti.

Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla, segir að á aðeins nokkrum árum hafi nemendum sem eru í mataraskrift fjölgað úr tvö hundruð í rúm fimm hundruð. „Eldhúsið er löngu sprungið og við sáum þetta alveg fyrir. Ég hef látið skóla- og frístundasvið vita af þessu reglulega og þrátt fyrir viðvörðun frá Heilbrigðiseftirlitinu í vor hefur ekkert verið aðhafst.“

Til að tryggja öryggi matvæla má til dæmis ekki elda kjúkling lengur í eldhúsinu og hverfur hann því af matsæðlinum. Einnig þarf að taka út vinsæla rétti eins og hakk og spagettí, einfaldlega af því að það þarf að matreiða svo mikið magn og plássíð er of lítið. Síðustu ár hefur skólinn boðið upp á veglegan grænmetis- og ávaxtabar sem nú þarf að takmarka.

„Við höfum enn engin loforð fengið um að aðstaðan verði bætt,“ segir Ingibjörg en segist vona að eldhús Hagaskóla verði ofarlega á næstu fjárhagsáætlun.



Í ELDHÚSINU Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla, ásamt Trausta Magnússyni, matreiðslumeistara skólans, í eldhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ertu búin(n) að skrá þig?
Haustráðstefna
 Advania 12. september 2014
 Skráning á advania.is/haustradstefna

advania
 Welcome to IT



NÝR E-UP!

Framtíðin er á uppleið með fyrsta Volkswagen rafbílnum.

Við kynnum fyrsta meðlim Volkswagen fjölskyldunnar sem gengur eingöngu fyrir rafmagni. Komdu og skoðaðu þetta netta tækniundur.



Tiguan Sport & Style Diesel 2.0 TDI
á freistandi tilboði:
6.750.000 kr.
þú sparar 715.000 kr.

TIGUAN

40 Years **GOLF**



NÝR GOLF SPORTSVAN

Draumi líkastur á degi hverjum.

Ef þú ert að leita að öruggum, rúmgóðum, kraftmiklum og fallegum fjölskyldubíl er nýr Golf Sportsvan svarið.

Stærri og kraftmeiri með smáatriðin á hreinu.

Nýtt útlit, ný vél, ný skipting. Nýi Poloinn er eyðslugrenni, hærrí, kraftmeiri, öruggari og umhverfisvænni. Þú ert greinilega á réttum stað í nýjum Polo.

VELKOMIN Í VOLKSWAGEN FJÖLSKYLDUNA

Hvort sem fjölskylda þín er stór eða smá finnur þú örugglega Volkswagen sem passar ykkur.



POLO

Það eru svo margar ástæður fyrir því að eignast Volkswagen. Ein sú helsta er að maður hreinlega fellur fyrir honum. Komdu við í HEKLU eða hjá umboðsmönnum um land allt og heilsaðu upp á Volkswagen fjölskyldumeðlimina. Þeir hlakka til að sjá þig.



Das Auto.

SVONA ERUM VIÐ



166.129 rjúpur voru færðar til bóka árið 1997, en aðeins 38.283 árið 2012.

Um tuttugu leyfi gefin út í Árborg um íbúðaleyfi til ferðamanna: Ferðapjónusta í íbúðahverfum

FERÐAMÁL Bæjarráð Árborgar hefur veitt fimmtán til tuttugu leyfisumsóknum um íbúðaleyfi til ferðamanna til skamms tíma jákvæða umsögn. „Okkur hefur sýnst að þetta stríði ekki gegn skilgreiningu í skipulagi á íbúðabyggð,“ segir Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. „Það er ekki fortakslaust bann við atvinnustarfsemi í íbúðabyggð en hún þarf að samrýmast búsetu fólks og má ekki vera til ama.“

Ásta segir að þó málefnið sé umdeilt hafi ekki komið á hennar borð kvartanir vegna jákvæðra umsagna bæjarráðsins. Það er sýslumaður sem veitir leyfin. Íbúðirnar eru á Eyrarbakka, Stokkseyri, Selfossi og í nærlægum sveitum. Ekki hefur verið veitt umsögn um íbúðir í fjölbýli. Ásta segir að síðan megi skoða ýmsa þætti, til dæmis hvort fasteignajöld á eignir sem eru nýttar í atvinnuskyni eigi að vera hærri en almenn fasteignajöld. -jse



HÍÐ LJÚFA LÍF Á EYRARBAKKA Það er ekki slæmt fyrir ferðamenn að búa í gömlu húsi á Eyrarbakka en umgjörðin um slíkt er nokkuð umdeild.

Umboðsmaður svarar: Hefur engar siðareglur

STJÓRNMÁL Umboðsmanni Alþingis, Tryggva Gunnarssyni, er ekki kunnugt um það að hann starfi samkvæmt siðareglum. Þetta kom fram í svari umboðsmanns við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra frá 15. ágúst. Tryggvi segir að samkvæmt lögum ætti forseti Alþingis að staðfesta siðareglur fyrir Alþingi og stofnanir þess. Hann vissi þó ekki til þess að það hefði verið gert. -ssb



MEÐ RAFSÍGARETTU Alþjóðaheilbrigðisstofnunin vill að notkun rafsígarettar verði bönnuð innanhúss.

Ný skýrsla birt: Ræðst gegn rafsígarettum

HEILSA Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir að banna eigi notkun rafsígarettar innanhúss og að hætta eigi að selja þær börnum. Í skýrslu frá stofnuninni kemur fram að ekki gangi að halda því fram að sígarettarnar geti hjálpað fólki að hætta að reykja fyrr en sterk sönnunargögn komi fram þess efnis. Sérfræðingar stofnunarinnar vara við því að fóstur ófrískra kvenna geti skaðast af völdum reyksins. Einnig óttast þeir að varan geti orðið til þess að notkun hefðbundinna sígarettar muni aukast hjá ungmönnum. Jafnframt hvetja þeir til þess að auglýsingar rafsígarettar verði bannaðar. -fb

Auglýsingar á strætó: Bílstjórar neita akstri vagna

SVÍPJÓÐ Strætisvagnbílstjórar sem eru í róttækum armi stéttarfélag síns í Stokkhólmi vöruðu í síðustu viku við því að þeir myndu ekki aka strætisvögnum sem eru með kosningaauglýsingum Svíþjóðardemókrata. Bílstjórnarnir segjast með því vera að taka afstöðu gegn kynþáttahatri. Fyrsti strætisvagninn var tekinn úr akstri í gærmorgun. Haft er eftir bílstjóranum að sumir hafi sparkað í lokaðar dyr vagnsins. Hins vegar hafi þeldökkur maður þakkað bílstjóranum fyrir með handabandi. -ibs

Enn á eftir að semja um flest deilumálin

Ísraelar ætla að létta eitthvað á einangrun Gasasvæðisins, innflutningur verður gerður auðveldari en landamærin engan veginn opnuð alveg. Bæði Palestínunum og Ísraelar hafa fallist á ótímabundið vopnahlé, sem notað verði til viðræðna.

GASA, AP Mahmúd Abbas Palestínuforseti ætlar að byrja á því að kynna félögum sínum í stjórn Palestínu hugmyndir sínar um lausn á deilunum við Ísrael, og hyggst í framhaldi af því halda áfram viðræðum við alþjóðasamfélagið. Þetta fullyrkti hann í stuttu sjónvarpsávarpi í gær þar sem hann skýrði frá því að Ísrael og Palestínunum hafi fallist á ótímabundið vopnahlé á Gasa.



MAHMÚD ABBAS Forseti Palestínu skýrði frá samkomulagi um vopnahlé í stuttu sjónvarpsávarpi síðdegis í gær.

Vopnahléið eigi að nota til viðræðna, en Ísraelar muni létta að hluta einangrun af Gasasvæðinu, meðal annars auðvelda innflutning á hjálpargögnum og byggingarvörum. Þá verði fiskveiðisvæði Gasabúa stækkað úr þremur sjómílum í sex út frá strönd Gasa. Hamas-samtökin, sem fara með stjórn á Gasasvæðinu, fengu þó ekki framgengt kröfum sínum um að starfhæf höfn og flugvöllur verði á ný opnaður á Gasa. Ísraelum varð heldur ekki að þeirri ósk sinni, að Hamas-samtökin afvopnist og tryggt verði að þau vopnist ekki á ný. Þessar kröfur verða á meðal þeirra, sem til stendur að ræða um. Abbas tók þó fram að Palestínunum ætli ekki að sætta sig við að viðræðurnar snúist um óljós markmið, heldur ætli hann að koma með skýrar hugmyndir á borðið. „Gasa hefur mátt þola þrjú stríð. Eigum við að búast við enn einu stríðinu eftir eitt ár eða tvö? Hve lengi verður þetta mál án lausnar?“ spurði hann. Árásir Ísraela héldu áfram allt fram á síðustu stundu áður en vopnahléið tók gildi síðdegis í

gær, klukkan sjö að staðartíma en fjögur að íslenskum tíma. Palestínunum á Gasa héldu sömuleiðis áfram að skjóta sprengjuflaugum yfir landamærin til Ísraela fram á síðustu stundu. Átökin hafa nú staðið yfir í sjö vikur og kostað meira en 2.140 Palestínunum lífið. Meira en 11 þúsund hafa hlotið misalvarleg meiðsli. Samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna eru þrír af hverjum fjórum Palestínunum sem létu lífið almennir borgarar.

„Eigum við að búast við enn einu stríðinu eftir eitt ár eða tvö?“ Mahmúd Abbas, forseti Palestínu. Ísraelar hafa misst 69 menn, þar af fimm almenna borgara. Ísraelar hafa gert um það bil fimm þúsund loftárásir á Gasa, en Palestínunum hafa skotið um það bil fjögur þúsund sprengjuflaugum frá Gasa yfir landamærin til Ísraela. gudsteinn@frettabladid.is



Á SEYÐISFIRÐI Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra opnaði miðstöðina á mánudag.

Þýðingarmiðstöð opnuð: Þrír til starfa á Seyðisfirði

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra opnaði í fyrradag starfsstöð þýðingarmiðstöðvar á Seyðisfirði. Í tilkynningu segir að þrír starfsmenn muni starfa á Seyðisfirði. Nú þegar eru starfsstöðvar á Ísafirði, Akureyri og í Reykjavík. Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins var stofnuð árið 1990 vegna viðræðna um EES-samninginn. Meginhlutverk hennar er að þýða gerðir sem heyrir undir EES. Þá hefur miðstöðin einnig sérhæft sig í að þýða alþjóðlega samninga, laga-texta og aðra texta þar sem kraftist er staðlaðs hugtakaförða. -fb

Níðst á börnum í Englandi: Kynferðisbrot í hundraðatali

BRETLAND, AP Gróf kynferðisbrot voru framin gegn um 1.400 börnum í borginni Rotherham á Englandi á árunum 1997 til 2013. Þetta kemur fram í skýrslu þar sem því er lýst hvernig lögregla og önnur stjórnvöld brugðust börnunum. Börnum, allt niður í ellefu ára aldur, var nauðgað, þau sættu barnsmíðum og þau voru seld mansali. Alexis Jay, höfundur skýrslunnar, segir að lögreglum hafi sýnt mörgum barnanna fyrirlitningu og komið í veg fyrir að málin kæmst í hámaili. -gb

FIH

TÓNLISTARSKÓLI FÍH AUGLÝSIR EFTIR UMSJÓNARMANNI HLJÓÐVERS- OG TÆKJABÚNAÐAR.

STARFIÐ FELST Í EFTIRLITI OG VIÐHALDI HLJÓÐVERS SKÓLANS, UMSJÓN MEÐ TÆKJAKOSTI, AUK ÞESS SEM VIÐKOMANDI SÉR UM AÐ TAKA UPP TÓNLEIKA OG AÐRA VIÐBURÐI Á VEGUM SKÓLANS. EINNIG KEMUR TIL GREINA KENNSLA Í UPPTÖKUM. ÞEKING Á TÓNLIST ER NAUÐSYNLEG AUK ÞESS SEM KRAFIST ER TÆKNIMENNTUNAR OG REYNSLU Í HLJÓÐVERI. UM ER AÐ RÆÐA FJÖLBREYTT STARF SEM KREFFT SVEIGJANLEIKA OG SAMSKIPTAHÆFILEIKA. UM ER AÐ RÆÐA 50% STARF.

ÞEIR SEM Hafa ÁHUGA SENDI UMSÓKN Á TÖLVUPÓSTFANG SKÓLANS JULIA@FIH.IS FYRIR 15. SEPTEMBER NK.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

12°

15°

16°

Alicante 32°	Friedrichshafen 21°	New York 31°
Ápína 34°	Gautaborg 20°	Orlando 31°
Basel 28°	Kaupmannahöfn 20°	Ósló 21°
Berlín 20°	Las Palmas 26°	París 21°
Billund 21°	London 19°	San Francisco 22°
Frankfurt 20°	Mallorca 34°	Stokkhólmur 16°

12°

15°

14°

Á MORGUN Fremur hægur vindur en strekkingur S-til

13°

15°

13°

FÖSTUDAGUR Fremur hægur vindur en strekkingur S-til

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhjelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnurut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

HELGUVÍK

300 ný störf

21.300 tonna ársframleiðsla

Framleiðsla hefst 2016

STÓR ÁFANGI FYRIR ÍSLENSKT ATVINNULÍF

Í dag verður tekin skóflustunga að nýrri kísilmálmverksmiðju **United Silicon hf.** á Suðurnesjum.

Allir lykilsamningar verkefnisins eru í höfn.

Verkefnið er umfangsmikið og mun á uppbyggingartíma skapa allt að 300 störf og um 60 störf eftir að verksmiðjan hefur starfsemi.

Fjármögnun verkefnisins sem og ráðgjöf er í höndum Arion banka.

United Silicon verður mikilvæg stoð í íslensku atvinnulífi sem skapar þjóðarbúinu auknar gjaldeyrstekjur til framtíðar.

Við hjá Arion banka óskum öllum þeim sem að verkefninu koma til hamingju með áfangann.

Lengist um fjóra kílómetra á dag

Síðustu tíu daga hefur berggangurinn undir Vatnajökli lengst um fjóra kílómetra á dag, að meðaltali. Sérfræðingur segir atburðinn einn þann markverðasta sem Íslendingar hafa orðið vitni að, en stærð berggangsins sé vanmetin og stefna hans beint á Öskju allrar athygli verð.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



YFIR ÖSKJU Brúarjökull og Kverkfjöll í fjarska. Dyngjujökull með kvíslar Jökulsár á Fjöllum fram undan. Dyngjujöll næst í mynd og Öskjuvatn.



Jarðskjálftahrinan í Vatnajökli og framrás bergganganna í jöklinum norðvestanverðum er einn markverðasti jarðvísindalegi atburður sem vísindamenn og almenningur á Íslandi hafa orðið vitni að. Aldrei áður hefur neitt viðlíka verið skráð með nútímataekni.

Þetta er sýn Ágústar Guðmundssonar, prófessors við jarðvísindadeild Lundúnaháskóla, Royal Holloway, á atburðarás síðustu daga í Vatnajökli, en hann hefur um áratugaskeið m.a. rannsakað bergganga sérstaklega og myndun þeirra í eldri bergi á Íslandi. „Þetta er afar stór atburður og mun varpa ljósi á kraftana á bak við það þegar landið er að gliðna í sundur á þessu svæði. Undir jöklinum er talinn vera möttulstrókur, og hvergi á Íslandi er meira af kviku undir,“ segir Ágúst og bendir á að jarðhræringarnar séu innan allstórs landsvæðis þar sem stærstu eldgos Íslandssögunnar hafa komið upp. Hann segir stórt eldgos mögulegt, þótt lítið gos eða að jarðskjálftahrinan deyi út sé miklum mun líklegra.

Á rætur í iðrum jarðar

Ágúst segir að berggangurinn sé mjög stór; svokallaður megingangur sem myndast utan við megineldstöðvarnar. Sumir eiga rætur sínar að rekja til kvikuholfa undir eldstöðvunum en svo er ekki um bergganginn sem núna hefur skriðið að meðaltali fram um fjóra kílómetra á sólarhring síðustu tíu daga. „Þessi er að koma af miklu meira dýpi, eða úr kvikuþró undir niðri sem liggur á 15 til 20 kílómetra dýpi, líkt og undir flestum eldstöðvakerfunum á Íslandi. Slíkar þrær eru miklu stærri en kvikuholf. Berggangurinn er svo stór að hann stjórnar öllu spennusviðinu, eða kröftunum, á þessu svæði. Það er svo mikill þrýstingur inni í honum að hann hefur áhrif á eldstöðvarnar í kring,“ segir Ágúst og bætir við að það markverðasta við stöðu mála í augnablikinu er greinileg framrás berggangsins í átt til megineldstöðvarinnar Öskju/Dyngjujökla.

„Ef gangurinn heldur áfram í nokkra kílómetra í sömu stefnu, sem við vitum ekki hvort hann gerir, mætir spennusvið berggangsins spennusviði Öskju, eldstöðvarinnar sjálfar og kviku-

holfsins þar undir, sem hefur áhrif nokkra kílómetra út frá sér. Þá er spurningin hvort berggangurinn fari undir Öskju sjálfa,“ segir Ágúst sem telur alltof mikið af kviku þegar í bergganginum til að hann geti komið frá Bárðarbungumegineldstöðinni. Það rökstyður að hún komi úr kvikuþró á meira dýpi þar sem margfalt meiri og heitari kvika safnast saman. Hann tekur þó fram að langflestir berggangar, hvar sem þá er að finna í heiminum, ná aldrei yfirborði.

„En lykilatriðið er að þegar broddurinn á bergganginum er kominn um átta kílómetra frá öskjunni sjálfri, sem er jafngildi breiddarinnar á henni, þá fer berggangurinn að finna fyrir spennusviðinu þar, sem getur leitt til þess að hann hlaupi inn í kvikuholfið undir Öskju,“ segir Ágúst sem játar því að slíkt geti komið af stað eldgos í þessu fornfræga eldfjalli.

Ekkert líkt Kröflu

Líkindi við atburðarásina í Kröflueldum frá upphafi þeirra


1975 hefur komið fram á síðustu dögum. Ágúst er hins vegar sannfærður um að annað sé hér uppi á teningnum.

„Ég sé ekki að neitt svipað því sé að gerast, og tel þetta allt öðruvísi atburð. Í Kröflu var túlkunin sú að þar hafi kvika komið upp í lítið hölf, og svo áfram í litlum göngum út úr Kröfluhólfinu til norðurs og suðurs. Þarna tel ég að gangurinn sjálfur sé ráðandi, ekki kvikuholfið, sem gæti verið meginmunurinn á þessu tvennu,“ segir Ágúst.

Gögn vísindamanna frá því í gær sýna að skjálftavirknin er enn mikil. Mest virkni er við enda gangsins norður úr Dyngjujökli, sem nú er kominn um tíu kílómetra norður fyrir jökulsporðinn.

Berggangurinn undir Dyngjujökli er nú talinn um 40 kílómetra langur. Líkanreikningar, byggðir á GPS-mælingum, benda til þess að rúmmálsaukningin bara síðasta sólarhringinn sé um 50 milljónir rúmmetrar. Það magn slagar hátt í 500 rúmmetra á sekúndu eða næstum 1,5 sinnum meðalársrensli Ölfusár, svo stærðirnar séu settar í samhengi.

BERGGANGURINN STEFNIR Á ÖSKJU



Ágúst telur reyndar að meira sé af kviku í bergganginum en 350 milljón rúmmetrar, eins og útreikningar hérna heima sýna. Jafnvel þrefalt meira, sem jafngildir allri þeirri kviku sem kom upp í Surtseyjargosinu á árun-

um 1963 til 1967 og Heklugosinu 1947, samtals. Að lokum er rétt að ítreka að Ágúst minnir á, eins og vísindamenn hér heima, að ólíkar sviðsmyndir sem dregnar eru upp séu mislíklegar en enga má afskrifa.

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG TANNKREM FYRIR VIÐKVÆM SVÆÐI

DYNAMO REKJAVÍK

NÝ OG BETRI HÖNNUN!

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

SWIFT

...eins og tónlistin - veitir ánægju
og gleði inn í lífið á hverjum degi.



SUZUKI SWIFT GL, GLX, 4X4
Frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, bensín,
beinskiptur) CO₂ 116g/km



Grannur stíur / Reyklavík
Visthæfur bíll

FYRIR SKYNSAMT
FÓLK



TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS



Sími 519 7550

TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR OG 60+

▶ TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR OG 60+

Námskeið sérsníðið fyrir byrjendur og lítt vana tölvunotendur. Hæg yfirferð með reglulegum upprifjunum og endurtekingum í umsjá þolinmóðra kennara. Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að skrifa texta í Word ritvinnslu-forritinu, setja hann snyrtilega upp og prenta, nýta sér internetið og meðhöndla tölvupóst. Einnig er kennt á ýmsa samskiptamiðla eins og Facebook.

VIÐFANGSEFNI

- Windows - Grunnatriði tölvunnar
- Æfingar í að skrifa texta í tölu og prenta út (ritvinnsla í Word)
- Internetið til gagns og gamans
- Upplýsingaleit og vinnsla á internetinu
- Tölvupóstur. Æfingar í að senda og taka á móti tölvupósti (viðhengi o.fl.)
- Facebook og Skype fyrri þá sem vilja og hafa áhuga

Hefst: **9. sept.** • Lýkur: **30. sept.** • Kennst: þri. og fim. (sjö skipti) kl. 13-16
Verð: **34.900 kr.** Kennsluhefti á íslensku innifalið.

▶ STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR OG TÖLVAN 60+

Vinsælt og gagnlegt námskeið þar sem tekið er fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar. Yfirfærsla mynda í heimilistölvuna, skipulag myndasafns, einfaldar lagfæringar, myndir prentaðar og sendar í tölvupósti.

Hefst: **2. okt.** • Lýkur: **14. okt.** • Kennst: þri. og fim. (fjögur skipti) kl. 13-16
Verð: **24.900 kr.** Kennsluhefti á íslensku innifalið.

Skeifunni 11B • Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PROMENNT

ÚTSALA LOKADAGAR

REIÐHJÓL **30%-40%** HEILATILUR

ÚTIVISTARFATNAÐUR **40-70%** HEILATILUR

GÖNGUSKÓR **20-40%** HEILATILUR

TJÖLD **20-40%** HEILATILUR

SVEFNPOKAR **30%** HEILATILUR

BAKPOKAR **30%** HEILATILUR

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 • Sími 533 4450 • www.everest.is
PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

Forystumenn stjórnarandstöðunnar telja Hönnu Birnu þurfa að segja af sér: Faglegri stjórnarsýslu ábótavant

Formenn stjórnarflokkanna, þeir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson, bera enn traust til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Þeir vilja ekki taka afstöðu til þess hvort eðlilegt hafi verið að innanríkisráðherra hafi hlutast til um rannsókn lögreglu á ráðuneyti sínu.

Sigmundur Davíð segist enn bera traust til Hönnu Birnu meðan hún gegni embætti innanríkisráðherra. „Hún hefur einnig gefið það út að hún sjálf sé að kanna stöðu sína sem

ráðherra og hún hefur fullt ráðrúm til að meta það.“

Bjarni Benediktsson telur málið erfitt fyrir Hönnu Birnu en átelur þau vinnubrögð umboðsmanns Alþingis að gera bréf sitt til innanríkisráðherra opinbert. „Það er ekki venjan að umboðsmaður deili bréfum sínum til stofnana með fjölmiðlum, það er langt frá því að vera vanalegt.“ Spurður hvort Hanna Birna hafi glatað trausti almennings segir hann: „Það dylst engum að þetta mál hefur verið ráðherr-



GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

anum erfitt en ég get að öðru leyti ekki tjáð mig um álit almennings enda veit það enginn.“ -sa

Finnst lekamálið pólitískt moldviðri

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra metur nú framtíð sína í stjórn-málum í kjölfar bréfs umboðsmanns Alþingis. Í bréfinu er ítarlega greint frá samskiptum lögreglustjóra og innanríkisráðherra meðan á rannsókn lekamálsins stóð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra telur lekamálið vera moldviðri og skoðar nú sína pólitíska framtíð eftir að umboðsmaður Alþingis sendi ráðherra bréf, þriðja sinni, um embættisfærslur ráðherrans í lekamálinu. Umboðsmaður kannar nú hvort stórvægileg mistök eða afbrot stjórnvalds hafi átt sér stað hvað varðar störf ráðuneytis innanríkisráðherra. Í kjölfar bréfs umboðsmanns sendi Hanna Birna frá sér yfirlýsingu þar sem hún gagnrýnir harðlega störf umboðsmanns Alþingis.

Í bréfi umboðsmanns Alþingis er ítarlega farið yfir samskipti innanríkisráðherra eða starfsmanna ráðuneytisins við lögreglu-yfirvöld þar sem hlutast er til um rannsókn lögreglu á starfsemi ráðuneytisins. Þar kemur fram að Hanna Birna hafi tilkynnt Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra að hún vildi kanna þann möguleika hvort ráðuneytið þyrfti að rannsaka rannsókn lögreglu. Þetta segir Hanna Birna vera alrangt í við-tali við Gunnar Atla Gunnarsson í þættinum Í dag.

„Ég er þeirrar skoðunar að allt þetta mál, líka hvernig stjórnkerfið taki á máli af þessu tagi, þurfi að skoða sérstaklega. Ég hef aldrei hóttað lögreglurannsókn heldur að stjórn málin þurfi að skoða þessi mál. Rannsókn þýðir það að við sem erum í Stjórnarráðinu þurfum að vinna með það þegar ráðuneyti og ráðherrar eru kærðir.“

Hanna Birna ítrekar að ríkissaksóknari hafi talið rannsókn lögreglu vera faglega og hafna yfir vafa miðað við aðstæður. „Það liggur fyrir að það fór fram ákveðin rannsókn. Það liggur fyrir að ríkissaksóknari hefur ákveðið að ákæra í málinu. Það eitt segir okkur að ríkissaksóknari taldi rannsóknina fullkomlega eðlilega, frambærilega og góða eins og hún



ALVARLEGAR ÁSAKANIR Hanna Birna Kristjánsdóttir svaraði fyrir samskipti sín við Stefán Eiríksson í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

átta að vera,“ segir Hanna Birna. „Mér finnst í þessu máli ítrekað að verið að fella dóma án þess að dómur liggji fyrir.“

Innanríkisráðherra ítrekaði í þættinum að hún hefði ekki á nokkurn hátt haft bein afskipti af rannsókn málsins. Þrátt fyrir þau orð innanríkisráðherra er farið ítarlega yfir það í bréfi umboðsmanns að samskipti innanríkisráðuneytisins eða starfsmanna þess hafi verið nokkuð fjölbreytt meðan á rannsókn málsins stóð. Þar er haft eftir lögreglustjóra að ráðherra hafi oft gagnrýnt framvindu rannsóknar lögreglustjóra.

Hanna Birna telur að hún eigi fullt erindi í íslensk stjórn-mál. „Það er auðvitað þannig að stjórn-málamaður veltir fyrir sér að

“Mér finnst í þessu máli ítrekað verið að fella dóma án þess að dómur liggji fyrir.”

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra

segja af sér embætti ef hann hefur ekki gert neitt rangt. Ég hef ekki brotið af mér með neinum hætti. Ég hef ekki gert neitt sem samviskan mín segir mér að ég hafi gert rangt.“

„Ég mun ekki segja af mér embætti fyrir eitthvað moldviðri í kringum mál sem er sannarlega óheppilegt“, sagði Hanna Birna. sveinn@frettabladid.is

Formenn stjórnarflokkanna telja málið hafa skaðað Hönnu Birnu pólitískt: Hanna Birna nýtur enn trausts

Formenn stjórnarflokkanna, þeir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson, bera enn traust til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Þeir vilja ekki taka afstöðu til þess hvort eðlilegt hafi verið að innanríkisráðherra hafi hlutast til um rannsókn lögreglu á ráðuneyti sínu.

Sigmundur Davíð segist bera traust til Hönnu Birnu meðan hún gegni embætti innanríkisráðherra. „Hún hefur einnig gefið það út að hún sjálf sé að kanna stöðu sína sem ráðherra og hún hefur fullt ráðrúm til að meta það,“ segir for-sætisráðherra.

Bjarni Benediktsson telur málið hafa verið erfitt fyrir Hönnu Birnu og átelur þau vinnubrögð umboðsmanns Alþingis að gera bréf sitt til innanríkisráðherra opinbert. „Það er ekki venjan að umboðsmaður deili bréfum sínum til stofnana með fjölmiðlum, það er langt frá því að vera vanalegt.“

Þegar hann er spurður að því hvort hún hafi glatað trausti almennings „Það dylst engum að þetta mál hefur verið ráðherranum erfitt en ég get að öðru leyti ekki tjáð mig um álit almennings enda veit það enginn.“



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Telur innanríkisráðherra njóta trausts. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Besti smábíllinn - aftur...

➤ Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílblaðsins Bilmagasinet.

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.790.000** KR.



ford.is

50 ári bílgraininni



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:

Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO₂ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hð, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. CO₂ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

TÍMALÍNA SAMSKIPTI INNANRÍKISRÁÐHERRA VIÐ LÖGREGLUSTJÓRA OG UMBOÐSMANN ALÞINGIS

7. febrúar Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur rannsókn á meintum leka úr innanríkisráðuneytinu á persónuupplýsingum um hælisleitandann Tony Omos.	3. maí Hanna Birna Kristjánsdóttir fundar með Stefáni Eiríkssyni.	16. júlí Hanna Birna Kristjánsdóttir fundar með Stefáni Eiríkssyni.	29. júlí Frétt birtist í DV um að ástæða þess að Stefán Eiríksson hyggist láta af störfum sé vegna afskipta Hönnu Birnu Kristjánsdóttur af rannsókninni.	1. ágúst. Hanna Birna Kristjánsdóttir svarar fyrra bréfi Tryggva Gunnarssonar.	11. ágúst Tryggvi Gunnarsson fundar með Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra um samskipti hennar við Stefán Eiríksson. Tryggvi hljóðritar fundinn.	26. ágúst Embætti umboðsmanns Alþingis tilkynnir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að frumkvæðisathugun á samskiptum hennar við Stefán Eiríksson sé hafin.
18. mars Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra fundar með Stefáni Eiríkssyni, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.	20. júní Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sendir ríkissaksóknara rannsóknargögn málsins. Lögreglurannsókn er lokið og ríkissaksóknari skoðar hvort gefa eigi út ákæru.	18. júlí Hanna Birna Kristjánsdóttir fundar með Stefáni Eiríkssyni.	30. júlí Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, sendir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur bréf og óskar svara við spurningum um samskipti hennar við Stefán Eiríksson.	6. ágúst Tryggvi Gunnarsson spyr öðru sinni um samskipti Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Stefáns Eiríkssonar.	15. ágúst Hanna Birna Kristjánsdóttir svarar fyrirspurn Tryggva Gunnarssonar öðru sinni. Sama dag er Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður ráðherra, ákærður.	26. ágúst Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tekur við dómsmálum.

Ný frímerki

safnaðu litlum listaverkum

Myndefnin í sameiginlegri frímerkjaútgáfu Íslandspóst og danska póstsins, sem koma út á morgun 28. ágúst, eru fengin úr handritum úr safni Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Í útgáfunni eru tvö frímerki og ein smáörk sem koma út í báðum löndunum.



Fyrst dagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölu. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is Heimasiða: www.stamps.is facebook.com/icelandicstamps



Ítrekuð afskipti af lögreglurannsókn

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir að bæði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og aðstoðarmenn hennar hafi beitt sig þrýstingi í lekamálinu. Umboðsmaður Alþingis mun hefja frumkvæðisathugun á samskiptum þeirra tveggja.

Stefán Eiríksson, fráfarandi lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, fullyrta í samtali við Tryggva Gunnarsson, umboðsmann Alþingis, að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra hefði gert ítrekaðar athugasemdir við rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á lekamálinu. Aðstoðarmenn hennar hefðu einnig beitt hann þrýstingi.

Umboðsmaður Alþingis tilkynnti Hönnu Birnu í gær að embætti myndi hefja frumkvæðisathugun á samskiptum Hönnu Birnu við Stefán. Í bréfinu lýsir Tryggvi ítarlega fundi sínum við Stefán þann 11. ágúst þar sem hann spurði út í samskipti Stefáns og Hönnu Birnu á meðan lögreglurannsókn á lekamálinu stóð yfir. Stefán segir að þótt Hanna Birna hafi ítrekað fullyrta við sig að hún væri ekki að reyna að hafa áhrif á gang rannsóknarinnar, hafi hún meðal annars undrast umfang lögreglurannsóknarinnar. Meðal annars gert athugasemd við að tölva væri tekin af aðstoðarmanni hennar. Stefán fullyrta við umboðsmann Alþingis að hann hefði velt fyrir sér hvað hann ætti að gera vegna spurninga Hönnu Birnu um rannsóknina. Hann hefði því haft samband við ríkissaksóknara og gert honum grein fyrir því að hann hefði fengið símtöl frá ráðherra þar sem hún gerði athugasemdir við ýmsa þætti í rannsókninni.



TRYGGVI GUNNARSSON



Í INNANRÍKISRÁÐUNEYTINGU Lögreglustjóri segir að Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi ítrekað gert athugasemdir við gang rannsóknarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Sá sem er að gera athugasemdir er yfirmaður lögreglumála í landinu.“

Stefán Eiríksson lögreglustjóri í samtali við umboðsmann Alþingis.

Stefán segir einnig að eftir að DV birti frétt um að hann hefði ákveðið að hætta störfum hjá lögreglunni vegna afskipta Hönnu Birnu af málinu hafi aðstoðarmenn hennar óskað þess að hann sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann hafnaði öllu sem þar kom fram.

jonhakon@frettabladid.is

Neytendasamtökin

ÞING NEYTENDASAMTAKANNA 2014

Þing Neytendasamtakanna 2014 verður haldið **27. september nk.** í félagsheimili Skátafélagsins Kópa, Digranesvegi 79, Kópavogi og hefst það kl. 10:00 stundvíslega (skráning þingfulltrúa hefst kl. 09:30). Auk almennra þingstarfa leggur fráfarandi stjórn fram breytingar á lögum Neytendasamtakanna og sem kynntar eru á heimasíðu samtakanna (ns.is).

Í 9. gr. laga Neytendasamtakanna segir svo: Allir skuldlausir félagar Neytendasamtakanna geta verið þingfulltrúar á þingi samtakanna enda tilkynni þeir þátttöku með a.m.k. viku fyrirvara.

Félagsmenn eru hvattir til þess að nýta sér rétt sinn og hafa þannig áhrif á starf og stefnu Neytendasamtakanna. Þeir sem áhuga hafa á að sitja þingið eru beðnir um að tilkynna það til skrifstofu Neytendasamtakanna í síma 545 1200 eða í tölvupósti (netfangið@ns.is).

Reykjavík 27. ágúst 2014
Stjórn Neytendasamtakanna

www.ns.is

10 daga hausthreinsun

8-17 september

Viltu öðlast meiri orku, léttast, upplifa betri svefn og vellíðan? Komdu með okkur í 10 daga hausthreinsun sem skilar árangri.

Verð 14.900.- en 9.900.- fyrir þátttakendur sem hafa tekið þátt áður. Matreiðslunámskeið 4. sept. 18:30 - 21:30 verð 7.200.- Síðasti skráningardagur er 2. sept. Sjá nánar: www.simplewellbeing.com/hausthreinsun



Linda Pétursdóttir og Margrét Leifsdóttir heilsuþjálfarar

Borgartún 24 ☎ 105 Reykjavík
www.lifandimarkadur.is

LIFANDI
MARKAÐUR

STIKLUR ÚR BRÉFI UMBOÐSMANNS

Í bréfi Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur visar hann í samtali sem hann átti við Stefán Eiríksson, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Í umfjöllun sinni visar Tryggvi oft í lögreglustjórnann sem L.

„Ég tel ástæðu til að minna á að það er ekki síst hlutverk eftirlitsaðila eins og umboðsmanns Alþingis að gæta að því að traust og trúnaður ríki um málefni stjórnsýslunnar og í samskiptum innan hennar og við borgarana.“

„Þar greindi lögreglustjórinn frá því að hann hefði, auk þess að gera ríkissaksóknara grein fyrir umræddum samskiptum við yður í tilefni af þessari tilteknu lögreglurannsókn, einnig greint þeim aðstoðarlögreglustjóra við embætti hans sem fór með stjórn rannsóknarinnar frá samtölum við yður og fundum þar sem rætt hefði verið um málið.“

„L tók fram að það hefði ítrekað komið fram í samtölum hans við yður að allt sem þér sögðu við hann og rædduð væri í fyllsta trúnaði og hann héldi þann trúnað. Aftur á móti liti hann svo á að með hliðsjón af lögum um umboðsmann Alþingis gæti hann ekki annað en svarað öllum spurningum mínum um málið og annað sem því tengdist.“

„Í máli L kom fram að í samtölum hans við yður og aðstoðarmanninn, bæði í síma og síðan á fundi eða fundum í ráðuneytinu í janúar sl., hefði komið fram að þér væruð mjög ósáttar og gerðar hefðu verið athugasemdir vegna þess að lögreglan hefði ekki upplýst yður um að kæra væri komin fram og gerðar hefðu verið athugasemdir við þá framgöngu yfirlöggluþjónsins að upplýsa þetta í fjölmiðlum.“

„L segir að það hafi frá hans bæjardryrum séð sett ýmis mál í annað samhengi gagnvart ráðuneytinu þegar kom að þeim tímamarki að embætti hans hafi verið falin umrædd rannsókn af hálfu ríkissaksóknara. Sjálfur hefði hann hugað að hæfi sínu til að koma að málinu.“

L: „og ég kom því á framfæri við ríkissaksóknara að hún hefði sagt í þessu samtali við mig að þegar þessu máli yrði lokið þá væri alveg ljóst í hennar huga að það þyrfti að rannsaka rannsókn lögreglu og ríkissaksóknara.“

Fordæmalaust bréf umboðsmanns Alþingis til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra: Ákvæði sem hefur aldrei verið beitt áður

Mörg fordæmi eru fyrir því að umboðsmaður Alþingis hefji frumkvæðisathugun á starfi ráðherra eða starfsemi framkvæmdarvaldsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það aftur á móti einsdæmi að í slíkum aðstæðum vísi umboðsmaður í annan málslið 12. greinar laga um umboðsmann Alþingis.

Þar segir að ef umboðsmaður Alþingis verði áskynja stórvæglegra mistaka eða afbrota stjórnvalds getur hann gefið Alþingi

eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið.

Í bréfi sem Tryggvi Gunnarsson sendi innanríkisráðherra í gær segir hann að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann hafi aflað um þetta mál og þeirra laga og reglna sem kunnir að hafa reynt á vegna samskipta Hönnu Birnu Kristjánsdóttur við Stefán Eiríksson, lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, meðan embætti hans fór að beiðni ríkissaksóknara með rannsókn máls sem beindist að meðferð til-

tekinna trúnaðarupplýsinga og meðal annars hugsanlegum þætti starfsmanna innanríkisráðuneytisins í málinu, hafi hann ákveðið að óska eftir frekari skýringum frá ráðherra.

„Ég vek jafnframt athygli á því að þessi athugun mín á málinu er liður í því að ganga úr skugga um hvort mál þetta sé af því tagi að tilefni sé til þess að fara þá leið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 85/1997,“ segir Tryggvi jafnframt.



UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS Tryggvi telur mögulegt að innanríkisráðherra hafi brotið lög með samskiptum við lögreglustjóra.

-jhh

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ársreikningaskrá RSK

Frestur til að skila ársreikningi 2013 rennur út 31. ágúst

Ársreikningaskrá RSK skorar á þau félög sem ekki hafa skilað ársreikningi sínum fyrir árið 2013 að gera það nú þegar eða í síðasta lagi fyrir 1. september n.k.

Skil á ársreikningi 2013

Skorað er á stjórnir félaga að senda nú þegar til ársreikningaskrár RSK, rafrænt eða á pappír, ársreikning félagsins og samstæðureikning, ef það á við, fyrir árið 2013. Eigi félag eftir að skila eldri ársreikningum er skorað á það að skila þeim líka.

Breytingar á skilaskyldu

Athygli er vakin á því að nú þurfa samlagsfélög þar sem ábyrgðaraðili er ehf., hf., slhf. eða svf. að skila inn ársreikningi til ársreikningaskrár til opinberrar birtingar.

Viðurlög

Félög sem ekki skila ársreikningi kunna að sæta sektarmeðferð.

Ert þú í skilum?

Unnt er að sjá hvort félag hafi skilað ársreikningi á heimasíðu ríkisskattstjóra. Athugaðu hvort þitt félag stendur í skilum og bættu strax úr ef svo er ekki.

<https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/leit>



FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 5513010

Getur skaðað að sitja of lengi:

Að þekkja eigin vitjunartíma

Staða Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra er vond. Hún fór of geyst meðan hún, ráðuneyti hennar og hennar nánasta samstarfsfólk sætti opinberri rannsókn. Ráðherra á ekki að hafa afskipti af lögreglunni með þeim hætti sem allt bendir til að hún hafi gert. Eftir á að hyggja hefði Hanna Birna betur sagt af sér sem ráðherra og hið minnsta frá málinu sjálfu.

Hanna Birna hefði, ekki síst sjálfrar sín vegna, betur vikið

úr embætti þegar opinber rannsókn á Lekamálinu hófst. Hefði hún gert það þá væri staða hennar allt, allt önnur.

Þá hefði Hanna Birna hvorki haft vald né vettvang til að kalla eftir lögreglustjóra eða hafa önnur afskipti af rannsókninni. Þess í stað hefði



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

hún, sem óbreyttur þingmaður, beðið róleg þar til málinu lyki og tæki þá ákvörðun um hvort hún vildi setjast aftur í stól ráðherra eða halda áfram sem þingmaður. Hennar væri þá valið. Hún valdi sýnilega rangt, og vandi hennar er nánast óyfyrstíganlegur. Svo mikill er vandinn sem hún hefur ratað í að óvenju mikil óvissa er um framhald pólitísks ferils Hönnu Birnu Kristjánsdóttur ráðherra, varaformanns Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi borgarstjóra.

Þekktasta afsögn ráðherra á Íslandi er eflaust afsögn Guðmundar Árna Stefánssonar, núverandi sendiherra í Washington. Hann hafði óskað þess að Ríkisendurskoðun legði mat á embættisverk sín, en þá var mikið um þau rætt og hart deilt á Guðmund Árna. Þegar hann kynnti afsögnina sagðist hann hafa tekið ákvörðun um að láta minni hagsmuni vika fyrir meiri og segði af sér embætti án sakarefna. Tökum eftir, hann sagði af sér, að eigin mati án sakarefna, það er án þess að hafa brotið af sér. Þetta gerði hann þar sem hann komst lítt eða ekkert áfram í verkum sínum þar sem öll athygli á hann og hans störf var á fyrri embættisverk.

Annað sagði Guðmundur Árni, hann sagðist hafa með afsögninni brotið blað í íslenskri stjórnmalasögu.

En gerði hann það? Hefur hann orðið mörgum til eftirbreytni. Hafa aðrir íslenskir stjórnmalamenn lært af máli Guðmundar Árna? Svarið er ógnarstutt: Nei.

Síðan eru örfá dæmi um afsagnir. Halldór Ásgrímsson steig úr stól forsætisráðherra 1996, einkum vegna kosningaósigurs Framsóknarflokksins í sveitarstjórnarkosningum og svo Björgvin G. Sigurðsson þegar hann sagði af sér sem viðskiptaráðherra eftir efnahagshrunið 2008.

Á Íslandi hefur ekki tíðkast að stjórnmalamenn segi af sér þó þeir eigi í að vök að verjast. Auðvitað er hægt að taka undir þau sjónarmið að almenn kæra eigi ekki að duga til afsagnar. En þegar málin fara lengra, eins og í tilviki Hönnu Birnu, hlýtur annað að vera uppi. Skiljanlegust eru sjónarmið Guðmundar Árna Stefánssonar: „... að láta minni hagsmuni vika fyrir meiri og segði af sér embætti án sakarefna“.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Klárar hún kjörtímabilið?

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, sendi frá sér harðorða yfirlýsingu í gær þess efnis að umboðsmaður Alþingis væri að reyna að draga upp óeðlilega mynd af samskiptum hennar við Stefán Eiríksson lögreglustjóra.

Í niðurlagi yfirlýsingarinnar segist Hanna ætla að nota næstu misseri til að taka ákvörðun um framhald sitt í pólitík. Í Orðabók Menningarsjóðs segir: misseri, -is, 1. hálf ár, sex mánuðir.

Nú velta margir fyrir sér hversu mörg misseri Hanna Birna hyggst taka til að íhuga stöðu sína og hvort niðurstöðu þeirra vangaveltna megi vænta fyrir næstu kosningar.



Var meðalhöf brotið?

Í yfirlýsingu sinni og í viðtali Kastljóss segir hún að sér hafi verið tilkynnt að í rannsókninni myndi ekkert meðalhöf gilda. Rannsakendur yrðu að sýna að þeir hefðu „gengið alla leið.“

Þetta stenst illa skoðun. Meðalhöfreglan er ófrávikjanleg meginregla. Enginn opinber aðili, að lögreglu meðtalinni, getur sagt sig frá þeirri reglu með einu pennastriki. Sé það rétt að ákvörðun hafi verið tekin um að meðalhöf skyldi brotið hefði ríkissaksóknari aldrei gefið út ákæru og alltaf vísað rannsókninni heim aftur.

Það er rétt hjá Hönnu að ákæra ríkissaksóknara er staðfesting á því að rannsóknin hafi verið gerð með fullnægjandi hætti.

Bjarni 1 – Hanna 0

Rétt fyrir kosningar á síðasta ári kom Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gráti næst í sjónvarp og lýsti því yfir að hann íhugaði að hætta í stjórnmalum. Bragðið virkaði, hann fékk þá samúð sem þurfti til að halda honum í formannsstólnum og Hanna Birna þurfti að sitja hjá.

Hanna reyndi sama bragð í viðtali við Stöð 2 í gær.

Hún sagði að tímabilið hefði verið erfitt fyrir sig og splæsti í hvíta dragt í tilefni dagsins. Nú er að sjá hvort samúðarspilið hafi hrifið þjóðina. Ef marka má umræðuna í kjölfar viðtalsins tókst það ekki.



snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson
 ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Levi's

Fullt verð ~~44.590 kr.~~

TILBOÐ 17.900 kr.

Umgjörð og gler í þínum styrkleika +/- 4

prooptik Kringlunni Skeifunni Spönginni
gleraugu

Allt kostar þetta peninga

MENNTUN



Guðríður Arnardóttir formaður Félags framhaldsskólakennara

Tvær allmerkilegar skýrslur litu dagsins ljós nýlega. Annars vegar svokölluð Hvítbók og hins vegar Úttekt á stærðfræðikennslu í framhaldsskólum. Í Hvítbók er því af nokkurri skynsemi haldið fram að til þess að ná settum markmiðum um bætta árangur í skólakerfinu skuli ráðast í fáar en markvissar aðgerðir. Í Hvítbók kemur fram að meðalnemandi lýkur stúdentsprófi á 4,1 ári og lokaprófi af starfsbrautum á 4,7 árum. Einungis 44% nemenda hafa lokið prófi úr framhaldsskóla sex árum eftir innritun og hlutfall eldri nemenda í framhaldsskólum er hátt. Nemendur í dagsskólum framhaldsskóla eru 30-40% fleiri en vera ætti miðað við fjölda í árgöngum á framhaldsskólaaldri. Það þýðir að námsframvinda nemenda í framhaldsskóla er hægt.

Úttekt á stærðfræðikennslu er auðvitað allt annars eðlis en Hvítbók en engu að síður má finna þar áhugaverðar tengingar. Meðal þess sem kemur fram í úttektinni er að það sé skortur á vönduðu kennsluefni í stærðfræði, menntun stærðfræðikennara sé ábótavant, tilboð um endurmenntun skortir og gæðaeftirlit er ekkert.

Það er gómul saga og ný að þegar til umræðu eru aðgerðir til að bæta árangur innan framhaldsskólans er stytting náms tíma oftast nefnd sem lausn. Þá er litið til

nágrannaríkjanna eftir samanburði. Til efni þessa greinarkorns er ekki að ræða það þrætuepli heldur benda á það grundvallaratriði sem gott menntakerfi byggir á. Við byggjum ekki upp framúrskarandi framhaldsskóla með viðvarandi fjársvelt. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því fyrr á þessu ári kemur fram að rekstrarstaða framhaldsskólanna hafi versnað mjög á síðustu árum. Framlag Íslendinga með hverjum nemanda í framhaldsskóla er langt undir meðalhlutfalli OECD-ríkjanna.

Hvítbækur og úttektir á hinum ýmsu þáttum sem varða framhaldsskólann verða ekki pappírins virði nema fjármagn til framhaldsskólanna sé aukið. Stjórn þarf við bakið á nemendum, efla námsráðgjöf og setja aukið fjármagn í námsefnisgerð. Það þarf að tryggja að í skólunum starfi vel menntaðir og áhugasamir kennarar á samkeppnishæfum launum. En þar stendur einmitt hnífurinn í kúnni. Þrátt fyrir nýgerðan kjarasamning standast kjör íslenskra framhaldsskólakennara enn engan veginn samanburð við kjör framhaldsskólakennara annars staðar á Norðurlöndunum.

Þjóð sem setur sér metnaðarfull markmið um umbætur í menntakerfinu kemst hvorki lönd né strönd áleiðis nema verja auknu fjármagn til menntamála á öllum skólástigum.

Að rústa háskólastofnun

Það er komin upp einkennileg staða í mál-efnum Landbúnaðarháskóla Íslands. Stefnan virðist vera sú að sökkva skólanum hægt og sígandi uns sjálfgerð verður að hætta starfseminni með öllu. Þetta er sér í lagi annarlegt þegar haft er í huga að ákveðið hafði verið að auka starfsemina og renna undir hana traustum stöðum með sameiningu við Háskóla Íslands, um leið og fjármagn hafði verið tryggt til að styðja myndarlega við þessar ráðagerðir. Ekki þarf að fjölyrða um þann gagnkvæma hag sem Lbhí og HÍ hefðu af slíkri sameiningu, samlegðaráhrifin yrðu mikil. Jafnframt væri starfsemin tryggð til framtíðar, m.a. á Hvanneyri.

Rétt er að taka fram að Lbhí er ekki aðeins með starfsemi á Hvanneyri heldur er hann rekinn á mörgum stöðum. Hann varð til við sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti, Garðyrkjuskólans á Reykjum og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Stór hluti akademískra starfsmanna skólans starfar á Keldnaholti, en sú starfsstöð er afar mikilvæg fyrir mönnun á akademískum stöðum. Þá rekur skólinn mikilvægar starfsmenntabrautir í þágu landbúnaðar og garðyrkju sem hlúa þarf að.

Það hafa verið stefnumið stjórnvalda í langan tíma að fækka háskólastofnunum landsins, óháð því hverjir hafa haldið um stjórnartauma. Fjölmörg fagleg rök, sem birt hafa verið í ýmsum skýrslum og úttektum, m.a. áliti óháðra erlendra sérfræðinga, sýna ljóslega að háskólar eru allt of margir. En hvað gerðist eiginlega? Eftir að menntamálaráðherra kynnti væntanlega sameiningu fyrir tæpu ári hlupu nokkrir til og mót-mæltu sameiningunni í fjölmörgum og í stjórnkerfinu. Einkum voru áberandi sveitarstjórnir í Borgarbyggð og bændaforystan. Stjórnendur skólans og meirihluti akademískra starfsmanna skólans færðu hins vegar rök fyrir ágæti sameiningarinnar. Málið dróst síðan á langinn og nú virðist sem hætt sé með öllu við þessa sameiningu. Óvissan hefur verið afar þrúgandi fyrir starfsemi skólans.

Geigvænleg afleiðing

Afleiðing óvissuástands og að hætt hefur verið

MENNTUN



Ólafur Arnalds
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

→ Afleiðing óvissuástands og að hætt hefur verið við sameiningu Lbhí og HÍ er geigvænleg fyrir starf Landbúnaðarháskólans. Í stað fyrirhugaðrar uppbyggingar verður heldur betur að draga saman seglin. Líklega þarf að segja upp fjölda starfsmanna...

við sameiningu Lbhí og HÍ er geigvænleg fyrir starf Landbúnaðarháskólans. Í stað fyrirhugaðrar uppbyggingar verður heldur betur að draga saman seglin. Líklega þarf að segja upp fjölda starfsmanna og því segir það sig sjálft að ekki verður hægt að halda uppi kennslu á sumum þeirra sviða sem skólinn hefur helgað sér og nauðsynleg eru fyrir fjölbreytni og samlegð í háskólastarfinu.

Ljóst er að þegar aflið í kennslu og rannsóknunum minnkar fjarar smám saman undan gæðum í starfi skólans. Nemendur háskóla eiga að njóta fjölbreyttrar menntunar sem byggð er á traustri þekkingu og gæðum í kennslu; kynnstast sem ólíkustum stefnum og straumum; öðlast víðsýni menntamannsins. Til þess þarf öflugt háskólaumhverfi. Það er deginum ljósara að ekki er grundvöllur fyrir örháskóla sem sinnir einvörðungu kennslu í landbúnaði. Örskóli í þágu einnar atvinnugreinar getur aldrei staðið undir nafni sem háskóli.

Niðurstaðan sem nú liggur fyrir er vægast sagt dapurleg. Hún þjónar ekki hagsmunum nemenda, rannsókna eða þekkingar, né hagrænum sjónarmiðum; hún þjónar ekki einu sinni hagsmunum íbúa Borgarbyggðar. Þegar er tekið að fjara undan skólanum því hæfir starfsmenn stökkva nú frá borði þegar tækifæri gefast.

Niðurstaðan er sú versta sem hugsast gat. Ekki getur það talist glæsilegur árangur sjálfskipaðra „velunnara“ skólans.

Bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytis

Sumarfríð er á enda og skólar landsins iðandi af kröftugum nemendum. Eitt af fyrstu verkefnum haustsins er að koma reglulegum lestri á koppinn og mikilvægt að allir fái lesefni sem hæfir lestrargetu og áhuga hvers og eins. Sem betur fer hafa nemendur nokkuð sterkar skoðanir á því sem þeim finnst áhugavert og vilja gjarnan hafa eitthvað um það að segja hvaða bók þeir vilja lesa. Þá er nú gott að þeir hafi aðgang að góðu bókasafni með fjölbreyttu úrvali bóka. Nemendur sem nú fara og velja sér bækur hafa misjafnar forsendur til þess að lesa og eru nokkrir í hverjum bekk sem ráða ekki við aldursvarandi lesefni vegna lestrarörðugleika. Eigi þessir nemendur einnig að fá notið þess að velja bækur af eigin áhuga geta þeir nýtt sér hljóðbækur sem hvort tveggja má nýta til að hlusta meðfram lestrinum eða eingöngu njóta þess að hlusta. Ég ætla ekki að tífunda hve mikilvægur lestur er fyrir orðaforða og hve jákvæð áhrif hann hefur á allt nám. Hins vegar er mikilvægt að ítreka hversu mikilvægt Hljóðbókasafn Íslands er fyrir nemendur með lestrarörðugleika og reyndar nemendur sem einhverra hluta vegna standa höllum fæti í íslensku máli.

Hljóðbókasafnið er fjársjóðskista fyrir nemendur sem þurfa á þjónustu þess að halda. Það er aðgengilegt allan sólarhringinn því hver sá sem hefur aðgang að safninu getur sótt sér hljóðbækur í gegnum heimasíðu þess. Það er opið alla rauðu dagana á dagatalinu og einnig á meðan skólar landsins eru lokaðir yfir sumarið. Því

MENNTUN



Olga Hrönn
Olgeirsdóttir
sérkennari í
grunnskóla

→ Fram til þessa hafa nemendur ekki þurft að greiða sérstaklega fyrir aðgang að þessu góða safni frekar en að sjálfu skólasafninu. Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á að greiða þarf sérstaklega 2.000 krónur fyrir ársaðgang.

búa þeir sem hafa aðgang að safninu við ákveðin forréttindi hvað aðgang varðar.

Hljóðbókasafnið sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið á hrós skilið fyrir starfsemina og ljóst að hún er samfélaginu ómetanleg. Fram til þessa hafa nemendur ekki þurft að greiða sérstaklega fyrir aðgang að þessu góða safni frekar en að sjálfu skólasafninu. Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á að greiða þarf sérstaklega 2.000 krónur fyrir ársaðgang. Það er ekki há upphæð í sjálfu sér og skiljanlegt að stofnunin þarf fjármagn en er þetta rétt leið til að sjá henni fyrir því?

Að mínu mati er vegið að þessum hópi nemenda sem er á öllum skólastigum. Þeir eiga líkt og aðrir nemendur að hafa aðgang að góðum bóka-kosti á eigin forsendum. Vonandi eru þetta bara tæknileg mistök sem verða leiðrétt. Það getur ekki verið að sjálft mennta- og menningarmálaráðuneytið taki meðvitaða ákvörðun sem þessa. En ef sú er raunin væri gagnlegt að fá skýringu á þessari ákvörðun og hvernig hún samræmist markmiðum þeim sem fram koma í nýútgefni Hvítbók um umbætur í menntun.



Leiðréttingin

Munið að sækja um fyrir 1. september

Við hvetjum þá viðskiptavinum Íslandsbanka sem eru með húsnæðislán hjá okkur eða öðrum lánastofnunum til að sækja um höfuðstólsleiðréttingu vegna verðtryggðra húsnæðislána.

Þú getur sótt um leiðréttinguna með einföldum hætti á vef ríkisskattstjóra, www.leidretting.is. Fresturinn rennur út 1. september.

Til að vera viss um að þú fullnýtir séreignarsparnaðinn þinn til að greiða inn á lán þarf einnig að sækja um það sérstaklega fyrir 1. september á vef ríkisskattstjóra, www.leidretting.is

Íslandsbanki bendir viðskiptavinum sínum á að kynna sér leiðréttinguna vel á islandsbanki.is/leidretting



GULLNA
HLÍÐIÐ



EKKI HÆTTA AÐ ANDA

BEINTÍÆÐ



LEIÐSÖGUR
LEE HALL BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON
TÓNSETUR
ELTON JOHN



BILLY
ELLIOT

VERTU MEE

FJÓRAR S
Á AÐ



25 ára og yngri fá áskriftarkort á
kostakjörum, aðeins 9.900 kr. fyrir
fjórar sýningar að eigin vali.


14.500

MÍÐASALA | 568 8000

Skálmöld
BALDUR



HAMLET
LITLI





Ó Í ÁSKRIFT!

SÝNINGAR
EINS

0 KR.



Við bjóðum allri fjölskyldunni að skyggjast inn í töfraveröld leikhússins, njóta veitinga og sjá brot úr verkum leikársins á opnu húsi. Takið þátt í frábærri byrjun á stórkostlegu leikári.

BORGARLEIKHUS.IS



MERKISATBURÐIR

1729 Hraun rann út í Mývatn umhverfis kirkjuna í Reykjalíð í Mývatnseldum.

1867 Eldgos hófst í Vatnajökli, talið eiga upptök nálægt Grímsvötnum.

1914 Fjórir menn af sautján manna áhöfn togarans Skúla fógeta fórust er togarinn sigldi á tundurdufl og sökk.

1946 Fyrsti bíllinn komst til Siglufjarðar eftir að unnið hafði verið að vegagerð um Siglufjarðarskarð í ellefu ár.

1994 Bíódagur, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, hlaut Amanda-kvikmyndaverðlaunin.



50 ára afmæli

Ólafur M. Magnússon
frá Eyjum í Kjós

er 50 ára þann 27. ágúst 2014.

Í tilefni afmælisins taka Ólafur og fjölskylda hans á móti gestum að Stóru-Skál í Kjós næstkomandi laugardag kl. 20.00. Eru allir velkomnir sem vilja samgledjast þeim á þessum tímamótum.

Frumnýna fimm verk

Leiklistarhátíðin Lókal hefst í dag. Þetta árið er áherslan á íslensk verk. Ragnheiður Skúladóttir stýrir hátíðinni ásamt Bjarna Jónssyni og Guðrúnu J. Guðmundsdóttur.

„Á undanförunum árum höfum við jafnan frumsýnt íslensk leikverk og látið þau mæta erlendum verkum en nú ákváðum við að einblína eingöngu á íslenskar sýningar. Þær eru sjö talsins, þar af fimm frumsýningar,“ segir Ragnheiður Skúladóttir um Lókal - leiklistarhátíðina sem hefst í kvöld.

Ragnheiður hefur verið framkvæmdastjóri hátíðarinnar frá upphafi en hún og Bjarni Jónsson maður hennar eru einnig listrænir stjórnendur. „Þetta er hátíð okkar hjóna,“ segir hún glaðlega en tekur fram að ríki og borg hafi styrkt Lókal frá byrjun. Svo fer hún nokkrum orðum um efni sýninganna í ár.

„Í verkinu Blind Spotting verðum við vitni að ögrandi danslist Margrétar Söru, í Petru kynnumst við ömmunni sem arfleiddi fjölskyldu sína að nokkrum tonnum af grjóti og í Guddu fylgjumst við með sjeikspírskum sálfræðihernaði samleigjenda í Vesturbænum. Einnig fáum við aðgang að furðulegum heimi Bláskjás, í Flækjum tökum við þátt í líknandi dagskrá Kviss, Búmm Bang, við göngum um borg leyndardóma í verkinu Ég elska Reykjavík og upplifum óvæntar uppákomur í Haraldinum.“

Sýningarnar eru í Tjarnarbíói, Smiðjunni á Sölvhólsgötu 13, Borgarleikhúsinu og við Hörpu. Nánar á www.lokal.is.

gun@frettabladid.is



FRAMKVÆMDASTJÓRINN „Þetta er hátíð okkar hjóna,“ segir Ragnheiður en tekur fram að styrkir komi frá borg og ríki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

MARÍA ÓLÖF KJARTANSDÓTTIR
Laufbrekku 20, Kópavogi,

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 2. september kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á FAAS eða Hollvinasamtök Droplaugarstaða.

Einar Guðmundsson

Eln Einarssdóttir
Guðmundur Einarsson
Kjartan Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Karlsdóttir
Claudia Spagnol



Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,
ÁÐALHEIÐUR BJÖRK INDRÍÐADÓTTIR

lést í Sunnuhlíð í Kópavogi þann 23. ágúst. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kristján Jónsson
Björn Indriðason
Einar Bragi Indriðason
og fjölskyldur.

Elsa Gunnarsdóttir
Þóra Eln Helgadóttir



Faðir okkar,

STEFÁN Þ. ÞORLÁKSSON
fv. menntaskólakennari,
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést föstudaginn 22. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkar færur við starfsfólki Hlíðar fyrir einstaka umönnun.

Aðalbjörg Anna, Sigríður, Suzanne og Sofia Stefánsdætur.



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

SVEINN RAFN EIÐSSON
frá Fáskrúðsfirði,
Gullsmára 5, Kópavogi,

lést á Landakoti 22. ágúst. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Karitas hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu.

Gyða Ingólfssdóttir

Ingólfur Sveinsson
Eiður Sveinsson
Sveinn Kr. Sveinsson
Agnar Sveinsson
Klara Sveinsdóttir
Skúli Þór Sveinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Björg Pálsdóttir
Rut Gunnþórsdóttir
Margrét Káradóttir
Andrea Sigurðardóttir
Þorlákur Á. Helgason
Hjördís Lilja Reynisdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓNAS PÁLSSON
fyrirverandi rektor KHÍ,

lést laugardaginn 23. ágúst á Landakotsspitála.

Björn Jónsson
Gunnar Börkur Jónsson
Hermann Páll Jónsson
Kristín Jónasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

I. Dóra Hansen



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN ÞÓRÐARSON
fv. framleiðslustjóri á Reykjalundi,
Skiptóli 49, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 23. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Pétur Jónsson
Sigrún Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Ægir Þór Jónsson
og fjölskyldur.

Margrét Valdimarsdóttir

Úlfar Herbertsson
Jan Dodge Jónsson



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

FRÍMANN ÁRNASON
Heiðargerði 9,

varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 21. ágúst. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Hjartavernd.

Grétar Árnason
Steinunn Erla Árnadóttir
Hulda Árnadóttir
Margrét Ásgeirsdóttir
og fjölskyldur.

Elisabet Jónsdóttir
Hermann Lúdvíksson

Steinar Sigurgeirsson



Móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,
KRISTÍN ÁGÚSTA ÞORVALDSDÓTTIR
Njarðargötu 27, Reykjavík,

lést á öldrunardeild LSH 22. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 1. september kl. 15.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jón Yngvi Ástráðsson Sjöfn Jónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

FJÓLA SIGURÐARDÓTTIR
Laufási, Þingeyri við Dýrafjörð,
Breiðvangi 4, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði þann 16. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

Hrönn Steingrimsdóttir
Þórir Einar Steingrímsson
Steinunn Fjóla, Matthías Sævar, Rannveig Björk,
Sigurður Gunnar og barnabarnabörn.

Sigurður Kristinsson
Áslaug Bjarnadóttir



Hjartans þakkar fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa,

STEINARS HAGALINSSONAR
frá Hvammi í Dýrafirði,
Stekklarholti 24, Akranesi.

Ragnheiður Ásgrímsdóttir
Ásbjörn Hagalín Steinarsson
Þórunn Úrsúla Steinarssdóttir
Berglind Steinarssdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Jóhanna Sigríður Gylfadóttir
Stefán Jónsson
Þórólfur Hilbert Jóhannesson



Nýtt á heimsíðu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin
Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

OYSTER PERPETUAL LADY-DATEJUST PEARLMASTER



ROLEX



MICHELSSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. ágúst 2014 | 20. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir www.visir.is](http://www.visir.is)

FINGRAFÖRIN
OKKAR ERU
ALLS STAÐAR!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



SEGIR EKKI KOMA TIL GREINA AÐ LEYSA HS ORKU UNÐAN SAMNINGNUM

- Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir stjórnendur fyrirtækisins ákveðna í að reisa allt að 360 þúsund tonna álver í Helguvík.
- Hann segir það ekki koma til greina að leysa HS Orku undan samningi frá árinu 2007 um orkusölu til álversins.
- Rekstur álversins á Grundartanga skilaði 3,2 milljarða króna hagnaði árið 2013 og dróst þá saman um tæpt 41% milli ára.

SÍÐA 4

Burger King flytur til Kanada

Bandaríski skyndibitarisinn Burger King hefur keypt kanadíska kaffihúsakeðjuna Tim Hortons fyrir ellefu milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 1.285 milljarða króna.



Kaupin á Tim Hortons gera Burger King að þriðju stærstu skyndibitakeðju í heiminum með 18 þúsund veitingastaði í 100 löndum. Höfuðstöðvar sameinaðs fyrirtækis verða í Kanada en landið er nú stærsti markaður Burger King. Daglegur rekstur risanna tveggja verður þó aðskilinn þar sem Burger King mun áfram reka starfsemi frá Miami á Flórída en Tim Hortons í borginni Oakville í Ontario.

- hg

Erlend velta aldrei meiri

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna hér á landi í júlí var 18,3 milljarðar króna og hefur erlend kortavelta aldrei verið meiri í einum mánuði. Þetta segir í úttekt Rannsóknaseturs verslunarinnar á Bifröst. Erlend kortavelta í sama mánuði í fyrra var tæplega 15,4 milljarðar og jókst því um nítján prósent á milli ára.

Hæstu upphæðina greiddu erlendir ferðamenn í júlí fyrir gistingu. Erlend kortavelta gististaða nam 3,7 milljörðum sem er um sautján prósentum hærri upphæð en í júlí í fyrra. Þá greiddu erlendir ferðamenn með kortum sínum 3,2 milljarða í verslunum í júlí sem er sextán prósentum hærri upphæð en í júlí í fyrra.

- bá

IGS segir upp 40 manns

IGS Ground Services, dótturfélag Icelandair Group, hefur sagt upp um 20 manns sem vinna við veitingarekstur í Leifsstöð. Þeim sem eftir eru, eða um 20 til viðbótar, verður sagt upp síðar.

Gunnar S. Olsen, framkvæmdastjóri IGS, segir ástæðu uppsagnanna þá að IGS mun ekki halda áfram að starfrækja veitinga- og verslanarekstur í flugstöðinni. „Niðurstaðan hjá Isavia var sú að leita samninga við annan aðila,“ segir Gunnar. Hann vonast til þess að þeir sem taki við horfi til þeirra sem sagt hefur verið upp. „Þetta er gott fólk með mikla reynslu og þekkingu á veitingahúsa-rekstri.“

- fbj

Tryggðu þér **besta** verðið á Haustráðstefnu Advania

34.990 kr.
Ef þú skráir þig fyrir 1. september

Advania heldur sína árlegu haustráðstefnu í tuttugasta sinn í Hörpu föstudaginn 12. september. Kynntu þér glæsilega dagskrá og skráðu þig á advania.is/haustradstefna



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

6
Á UPPLÉIÐ
 Félög sem hækkuðu í verði

4
Á NIÐURLEIÐ
 Félög sem lækkuðu í verði

4
STÓÐU Í STAÐ
 Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
ÖSSUR
41,9% frá áramótum

NÝHERJI
10,5% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TRYGGINGA-MIDSTÖÐIN
-25,1% frá áramótum

ICELANDAIR GROUP
-6,9% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	109,00	-16,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	222,50	-15,1%	-1,3%
Fjaraskipti (Vodafone)	32,50	19,3%	-2,3%
Hagar	44,40	15,6%	2,5%
Icelandair Group	17,45	-4,1%	-6,9%
Marel	102,50	-22,9%	0,0%
N1	16,70	-11,6%	0,3%
Nýherji	4,75	30,1%	10,5%
Reginn	15,65	0,6%	1,0%
Tryggingamiðstöðin*	24,00	-25,1%	0,0%
Vátryggingafélag Íslands**	8,23	-23,7%	-1,4%
Össur	325,00	41,9%	1,2%
HB Grandi	30,00	8,3%	0,0%
Sjóvá	11,95	-11,5%	1,8%
Úrvalsvisitalan OMXI6	1.135,29	-9,9%	-1,8%

First North Iceland			
Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1.150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	20,90	57,7%	4,5%
Sláturfélag Suðurlands	1,33	9,0%	0,0%

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

DAGATAL VIÐSKIPTALÍFSINS

- Miðvikudagur 27. ágúst**
 → Hagstofan – Visitala neysluverðs í ágúst 2014
 → Reginn – Uppgjör 2. ársfjórðungs
 → Arion banki – Uppgjör 2. ársfjórðungs
- Fimmtudagur 28. ágúst**
 → N1 – Uppgjör 2. ársfjórðungs
 → Hampiðjan – Sex mánaða uppgjör
 → Reykjavíkurborg – Árshluta-reikningur birtur
 → TM – Uppgjör 2. ársfjórðungs
 → Hagstofan – Nýskráningar og gjaldþrot fyrirtækja
 → Eimskip – Uppgjör 2. ársfjórðungs
 → Skipti – Sex mánaða uppgjör
- Föstudagur 29. ágúst**
 → Hagstofan – Visitala framleiðsluverðs í júlí 2014
 → Spöln – Sex mánaða uppgjör
 → Hagstofan – Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
- Mánudagur 1. september**
 → Hagstofan – Þjónustuviðskipti við útlönd
- Þriðjudagur 2. september**
 → Seðlabanki Íslands – Greiðslujöfnuður
 → Seðlabanki Íslands – Erlend staða þjóðarbúsins og erlendar skuldir
- Miðvikudagur 3. september**
 → Þjóðskrá – Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

MEST LESNA
 DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
 Það er áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðjunnun Capacent, október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Bruninn í Skeifunni nemur tveimur prósentum af tjónakostnaði ársins 2013:

Hagnaður VÍS dregst saman

Hagnaður af rekstri Vátryggingafélags Íslands hf. á fyrri helmingi ársins dróst saman um rúmlega helming frá því í fyrra. Hagnaðurinn nam nú 451 milljón króna samanboreið við 1.094 milljónir á sama tímabili árið 2013. Hagnaðurinn á öðrum ársfjórðungi nam 464,9 milljónum borið saman við 383,4 milljónir á öðrum ársfjórðungi á síðasta ári.

„Rekstur félagsins gekk ágætlega á öðrum ársfjórðungi. Iðgjaldtekjur jukust frá fyrsta fjórðungi og voru litlu minni en á sama fjórðungi í fyrra. Tjónabæturinn var nokkuð minni en á fyrsta fjórðungi“, segir Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS.

Sigrún segir þróun á fjármálamörkuðum á tímabilinu hafa leitt af sér að ávöxtun



BRUNINN HAFÐI ÁHRIF
 Hagnaður VÍS dróst saman um helming á fyrri ársfjórðungi frá því á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

af fjárfestingasafni félagsins á fyrri helmingi ársins hafi verið undir væntingum stjórnenda og verulega lakari en árið 2013.

„Þann 6. júlí síðastliðinn varð stór bruni í Skeifunni í Reykja-

vík sem olli miklu eignatjóni. Áætlað er að áhrif þessa tjóns á eigin tjónakostnað VÍS verði um 250 milljónir króna eða sem nemur um tveimur prósentum af eigin tjónakostnaði ársins 2013,“ segir Ragna.

Hundraða milljarða hagsmunir í húfi

EFTA-dómstóllinn kveður í dag upp dóm í máli lántakanda gegn Íslandsbanka vegna láns frá 2007. Í málinu er tekist á um það hvort verðtrygging fasteignalána sé lögmæt. Heildarupphæð verðtryggðra lána á Íslandi eru 1.500 milljarðar króna.

EFNAHAGSMÁL
 Jón Hákon Halldórsson | jonhakon@frettabladid.is

EFTA dómstóllinn kveður upp dóm sinn í máli Gunnars V. Engilbertssonar gegn Íslandsbanka í dag. Ágreiningurinn snýst um það hvort verðtryggingarákvæði í skuldabréfi sem Glitnir, sem Íslandsbanki er reistur á, gaf út í maí 2007 vegna fasteignakaupa Gunnars sé lögmæt. Grundvöllur verðtryggingarinnar var visitala neysluverðs og höfuðstóll lánsins hækkar í hlutfalli við verðbólgu.

Við rekstur málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur hefur Gunnar haldið því fram að verðtryggingarákvæðið sé óréttmætur skilmáli og andstaður tilskipun 93/13/EBE í EES-samningnum. Vikja eigi hinum óréttmæta skilmála til hlíðar. Íslandsbanki vísar hins vegar sjónarmiðum Gunnars á bug. Bankinn telur verðtrygginguna heimila samkvæmt lögum og tilskipunin hafi verið réttilega innleidd í landslög. Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var ákveðið að fá ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. Spurningarnar snúast meðal annars um það hvort verðtrygging sé ósanngjörn, hvort fyrrnefnd tilskipun eigi við á Íslandi. Að síðustu hvort dómstólar á Íslandi eigi að hafa val um það að lýsa ósanngjarna skilmála ógilda eða hvort þeim sé það skylt.

Þótt þetta tiltekna mál snúist



DÓMUR Óskað var eftir álit frá EFTA dómstólnum vegna máls sem er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

einungis um samning sem Gunnar V. Engilbertsson gerði við Íslandsbanka vegna húsnæðisakaupa gætu hagsmunirnir sem liggja að baki verið mun meiri. Heildarupphæð verðtryggðra lána á Íslandi er um 1.500 milljarðar króna. Þar af er langstærstur hlutinn, eða um 800-900 milljarðar lán sem tekin eru hjá Íbúðalánasjóði og til viðbótar 100-200 milljarðar lán sem tekin eru hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Stofnanir með ríkisábyrgð eiga því um eða yfir 1.000 milljarða af þessum lánnum. Á móti kemur að þeir lánasamningar sem verðtryggingamálið tekur til eru

samningar sem gerðir eru á árinu 2000-2013, en ný lög um neytendalán tóku gildi eftir það.

Ekkert liggur fyrir um það hvort fordæmisgildi dómsins sem kveðinn verður upp í máli Gunnars gegn Íslandsbanka kann að vera. Þá er heldur ekki víst hvort íslenskir dómstólar, Héraðsdómur Reykjavíkur eða Hæstiréttur, mun telja svör EFTA-dómstólsins viðeigandi fyrir úrlausn málsins þegar dómur verður kveðinn upp hér. Þó eru engin fordæmi fyrir því að íslenskir dómstólar dæmi beinlínis þvert gegn ráðgefandi álit.

Vinsælasti bíllinn hjá jafningjaleigunni Viking Cars hefur verið nær stöðugt í útleigu í mánuðinum:

Fjórar jafningjaleigur á Íslandi

Fjórir aðilar eru á markaðnum sem hafa milligöngu um leigu á bílum í eigu einstaklinga til ferðamanna. Hugmyndin er fengin erlendis frá en hún minnir nokkuð á leigusíður eins og Airbnb sem hefur milligöngu um leigu íbúðarhúsnæðis.

Þegar hefur verið greint frá vefsíðunni CarRenters.is. VikingCars.is er önnur sambærileg síðan en Sölvi Melax heldur starfsemi úti á þeirri vefsíðu. Sölvi segir að starf-



SÖLVI MELAX

semin hafi farið vel af stað. „Þetta var mjög fróðlegt til að byrja með en þetta var bras. En þetta hefur rúllað vel af stað. Sá bíll sem var mest leigður var leigður 26 daga í ágúst af fyrstu 28 dögnum. Þannig að það er gríðarlega mikill markaður fyrir þetta. Og við leggjum áherslu á að eng-

inn bíll sé skráður á síðuna nema að tryggingamálin séu algjörlega í lagi,“ segir Sölvi í samtali við Fréttablaðið.

Sölvi segir að helsti hagur sem leigusalar hafi af jafningjaleigunni sé sá að þeir geti með þessu aukið ráðstöfunartekjur og aukið þar með líkur sínar á að geta keypt nýrri bíl. Þeir geta þá leigt bílinn út þegar eftirspurnin er hvað mest og notað nýja bílinn á öðrum tímum.



*Ríkulegur staðalbúnaður: 7 gíra PDK sjálfskipting með skiptingu í stýri, leður og Alcantara innrétting, rafdrifð öikumannssæti, hiti í framsætum, 18" álfelgur, LED dagljósabúnaður, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fullkomið hjómkerfi, sport aðgerðarstýri, rafdrifinn afturhleri, o.m.fl. Sjá nánar á benni.is

Magnað meistaraverk!

Bílaframleiðandinn Porsche er þekktur fyrir marga af óviðjafnanlegustu sportbílum heimsins. Nú hefur meistara sportbílanna tekist að sameina bestu eiginleika Porsche í nýjum bíl - þetta er sportjeppinn Macan.

Komdu og skoðuðu allt það nýjasta frá Porsche
Opið laugardag frá 12:00 til 16:00
Velkomin í reynsluakstur

Porsche Macan S Diesel
258 hestófl • 580Nm tog • CO₂ 159 g/km
Hröðun 6.3 sek. 0-100 km/klst.
Eyðsla 6.3 l/100 km í blönduðum akstri.

Verð: 11.950.000 kr.*



PORSCHE



Porsche á Íslandi • Bilabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík • S: 590 2000 • porsche@porsche.is • www.benni.is

Vilja reisa álver í Helguvík sem fyrst

Hagnaður af rekstri álversins á Grundartanga nam 3,2 milljörðum króna árið 2013. Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir ekki koma til greina að leysa HS Orku undan samningi um orkusölu til álvers í Helguvík.

STÓRIÐJA

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir stjórnendur fyrir-tækisins og móðurfélags þess, Century Aluminum, ákveðna í að reisa allt að 360 þúsund tonna álver í Helguvík. Þeir hafa stefnt að byggingu álversins frá árinu 2005 en nú nú árum síðar er enn ekki ljóst hvaðan raforkan, sem á að knýja framleiðslu þess, á að koma.

„Við höfum fullan hug á að klára Helguvík verkefnið. Það er ljóst enda sjáum við mikil tækifæri í áliðnaði. Þetta strandar á raforku-afhendingunni og á meðan svo er getum við auðvitað ekki farið lengra nema aðrir orkusalar komi að verkefninu,“ segir Ragnar.

Verkefnið hefur þegar kostað um 17 milljarða króna. Fyrirtækið býr sig nú undir að taka til varna í gerðardómsferli þar sem HS Orka hefur aftur óskað eftir því að losna undan samningi um orkusölu til álversins.

Segir samninginn standa

Norðurál samdi um kaup á raforku fyrir álverið við HS Orku og Orkuveitu

Reykjavíkur, nú Orku náttúrunnar, árið 2007.

„Ástæðan fyrir því að álverinu var valinn staður í Helguvík er að sveitarfélögin á svæðinu buðu orku frá HS í verkefnið.

Það kemur því ekki til greina að ætla að leyfa HS Orku að labba frá samningnum,“ segir Ragnar.

„HS Orka hefur ekki enn staðfest neina orkuafhendingu í þetta verkefni en nýir eigendur HS vildu losna undan skuldbindingum samningsins árið 2010,“ segir Ragnar og rifjar upp þegar orkufyrirtækið fór áður með samninginn fyrir gerðardóm. Úrskurður í því máli lá fyrir í desember 2011.

„Niðurstaðan þá var sú að fyrir-tækið átti að standa við samninginn. Síðan hefur lítið gerst annað en að þeir sendu málið aftur í gerðardóm núna í júlí,“ segir Ragnar.

Hann segist að öðru leyti lítið geta tjáð sig um málið. Hins vegar er ljóst, samkvæmt hálfársuppgjöri HS Orku, að orkufyrirtækið telur ákvæði samningsins frá 2007 ekki hafa verið uppfyllt og að hann sé því ekki lengur í gildi.

Ekki í viðræðum við Landsvirkjun

Ragnar segir Norðurál ekki eiga í neinum viðræðum við Landsvirkjun um mögulega orkusölu til Helguvíkur.

„Það liggur í raun ekkert fyrir um það að neitt annað orkufyrirtæki geti tekið við þessu hlutverki,“ segir Ragnar og heldur áfram:

„Þau verðmæti sem hafa orðið til hjá Landsvirkjun sýna best að þessi samvinna álfyrirtækja og orkuviðnáðarins hefur skilað gríðarlega miklum og góðum árangri.“

Að sögn Ragnars eru nú þrjú ár síðan Orkuveita Reykjavíkur hóf að afhenda um 50 megavött af þeirri raforku sem samið var um árið 2007. Orkan hefur verið notuð í álverinu á Grundartanga þar sem fyrirtækið hefur farið í umtalsverða fjárfestingu til að auka framleiðslugetuna úr 260 þúsund tonnum á ári í 293 þúsund tonn.

„Við erum að nýta raforkuna á Grundartanga og það hefur verið ágætt samstarf við orkufyrirtækið um það,“ segir Ragnar.

Hann segir að Orkuveitan þurfi að reisa nýjar virkjanir svo fyrir-tækið geti staðið við samninginn. Fyrirhuguð virkjun í Hverahlíð í Ölfusi hefur oft verið nefnd í því samhengi.

Verður byggt í fjórum áföngum

Álverið í Helguvík á eins og áður segir að framleiða allt að 360 þúsund tonn á ári. Það verður hins vegar byggt í fjórum 90 þúsund tonna áföngum. Kerskálabyggingar sem búið er að reisa á svæðinu miðast við 90 þúsund tonna álver.

„Hver áfangi yrði þá 150 megavött og við höfum horft til þess að tryggja raforku í tvo áfanga til að ná ákveðinni hagkvæmni,“ segir Ragnar. Hann segir að álframleiðsla í Helguvík eigi að geta hafist um tveimur og hálfu ári eftir að framkvæmdir hefjast.

„Auðvitað geta einstaka þættir tekið lengri tíma en álverið á Grundartanga reis til dæmis á fjórtán mánuðum. Það er hægt að vinna þetta hratt,“ segir Ragnar en tekur fram að Grundartangi hafi státað af tengimannvirkjum og

öðrum nauðsynlegum innviðum áður en álverið var byggt þar.

„Hins vegar er búið að leggja gríðarlega mikla vinnu í höfnina í Helguvík og þetta er mjög góð staðsetning. Þá hefur atvinnuleysi verið hæst á Reykjanesi og álver væri því góð viðbót við flóru fyrirtækja.“

Staðsetningin veitir nú forskot

Norðurál hefur komið með yfir milljarð króna inn í landið á þessu ári í gegnum fjárfestingarleið Seðlabankans. Þeim fjármunum var varið í framleiðsluaukninguna á Grundartanga en verkefnið hefur þegar kostað á annan tug milljarða króna.

„Það er eðli álvera að þau eru byggð fyrir ákveðna grunnkastagetu og síðan er reynt að gera meira og betur. Þá er hægt að auka strauminn en þetta er viðkvæmt ferli því það má ekki ganga of langt því þá getur maður misst tókin á þessu.“

Fyrirtækið hefur síðastliðin sextán ár framleitt svokallaða álhleifa til útflutnings. Nú er stefnt að því að fjölga framleiðsluvörum.

„Það eru ákveðin tækifæri í því sem er að gerast varðandi framboð á áli í Evrópu. Þar hefur gömlum álverum verið lokað og ný hafa ekki verið byggð. Þetta ásamt stöðugt vaxandi eftirspurn á svæðinu skapar tækifæri fyrir íslensk álfyrirtæki.“

Hann nefnir sem dæmi að þeir álkaupendur í Evrópu, sem áður versluðu við álverin sem nú er búið að loka, geti í staðinn keypt ál frá Íslandi og þannig sparað sér flutningskostnað og tíma.

